

IV. fundur

Fjórdi fundur ETA deildar starfsárið 2007-2008 var haldinn 7. febrúar 2008 kl. 18:00 á heimili Eyrúnar. Fundurinn var undirbúinn af hópi sem hugar að innbyrðis tengslum deildarkvenna.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Eyrún, Ásta, Kristín Ó., Kristín S., Kirsten, Hafdís, Magnea, Guðbjörg, Margrét, Stefanía, Sophie og Auður.

Gestir voru: Anna Lind Pétursdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir og Þórunn Blöndal.

Þessi fundur var með óhefðbundnara sniði og dagskrá óformlegri en gengur og gerist enda markmiðið að styrkja innbyrðis tengsl.

Dagskrá:

1. Guðrún Hrefna, setti fund og kveikti á kertum og kom á framfæri tilkynningum. Fyrir liggja stjórnarskipti og Guðrún Hrefna er með tillögu að uppstillingarnefnd sem í verði allir fyrrverandi formenn undir hennar stjórn. Stjórnin hefur samþykkt það fyrirkomulag. Síðan greindi hún frá því að vorþing DKG yrði haldið laugardaginn 17. maí í Menntaskólanum í Kópavogi. Ennfremur minnti hún á þing Alþjóðasambandsins í Chicago í júlí n.k. Hún minnti einnig á heimasíðuna og bað um góðar tillögur varðandi hana.
2. Guðrún Hrefna minntist þess að ein deildarkona, Vilborg Jóhannsdóttir, hefði átt hvað stærstan hlut í að undirbúa diplómunám við KHÍ fyrir fólk með þroskahömlun, en fyrir það frumkvæði hlaut KHÍ Múrbrjótinn sem eru hvatningarverðlaun Öryrkjabandalagsins. Vilborg var ekki viðstödd en mun fá rós.
3. Að þessu loknu bauð Eyrún gesti velkomna og boðið var upp á glas af eðalvíni.
4. Orð til umhugsunar. Eyrún fjallaði um fyrrverandi og núverandi ferfætlinga sem höfðu fylgt húsinu og sérstaklega um kött sem hafði átt sérstakan stað í hjörtum fjölskyldunnar. Orð hennar lýstu vel hvað tengsl manns og dýrs geta orðið sterk og hvernig gæludýr geta auðgað líf mannanna.
5. Nú var komið að borðhaldi og voru bornar fram kræsingar sem gestgjafi hafði undirbúið með sínum hópi. Etasystur og gestir áttu góða stund saman og var margt spjallað.
6. Guðbjörg stjórnaði samskiptaleik sem fólst í því að velta fyrir sér persónulegum spurningum og rabba á gagnkvæmum nótum við næsta mann. Þannig fæst oft ný sýn á eigin persónu og persónu viðmælandans. Þetta mæltist vel fyrir.
7. Í lokin tóku fundargestir lagið undir stjórn Eyrúnar, táknið með söng.

Fleira gerðist ekki og eftir ánægjulega og hlýja kvöldstund héldu fundarkonur út í vetrarveðrið.

Auður Torfadóttir skráði